

BBF-2018-14 – UMFB: Frisbígolfvöllur

Verkefnið snýr að uppsetningu 9 holu frisbígolfvallar við tjaldsvæðið á Borgarfirði. Styrkur er veittur til kaupa á sérhönnuðum körfum og uppsetningu þeirra. Markmiðið er að auka framboð á afþreyingu og nýjungar í íþróttaiðkun, bæði fyrir heimamenn og ferðamenn. Verkefnið er að verulegu leyti unnið í sjálfböðavinnu en samstarf verður haft við sveitarfélagið sem leggur til land undir völinn og aðstoð við uppsetningu eftir því sem þurfa þykir. Verkefnið þykir til þess fallið að efla samstarf og samstöðu íbúa og falla vel að markmiðum Betri Borgarfjarðar.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.